

**Nd.**

**366. Breytingartillögur**

**[94. mál]**

við frv. til l. um iðnskóla.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

1. Aftan við 7. gr. bætist ný málsg., svo hljóðandi:  
Heimilt er að láta listiðnaðardeildir Handíða- og myndlistarskólans í Reykjavík njóta sömu réttinda um styrk úr ríkissjóði samkvæmt 2. tölulið þessarar greinar, að fullnægðum sömu skilyrðum.
2. Við 8. gr. Greinin orðist svo:  
Ríkissjóður greiðir helming stofnkostnaðar þeirra iðnskóla, sem um getur í 1. tölulið 7. gr. Hinn hlutann greiða þeir bæjar-, sýslu- og sveitarsjóðir, sem að stofnun skólans standa.  
Til stofnkostnaðar telst skólahús ásamt húsbúnaði og kennsluáhöldum svo og vinnustofur, ef reknar eru, ásamt vélum og áhöldum.